

**REGLUGERÐ**

um breyting á reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða í Reykjavík  
nr. 166 27. júní 1972.

**1. gr.**

Tölulíður 1.5. í 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Árbæjar Apótek tekur hvorki þátt í vörslu á helgidögum, almennum fridögum né kvöld- og næturvörslu. Hins vegar skal það opið laugardaga kl. 9—12.

**2. gr.**

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 38. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 og öðlast gildi 1. júlí 1975.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. desember 1974.*

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

*Almar Grímsson.*

30. desember 1974.

Nr. 429.

**REGLUGERÐ**

um flutningsrétt á ritverkum og tónsmíðum.

**1. gr.**

Stéttarfélag eða stéttarsambönd höfunda fara með almenna aðild til að semja við Ríkisútvarpið um greiðslur til höfunda fyrir verk, sem heimilt er að flytja í útvarpi án sérstaks leyfis höfundar hverju sinni, sbr. 23. gr. 1. mgr. höfundalaga nr. 73/1972, enda hafi þau áður öðlast löggildingu menntamálaráðuneytisins. Leita skal umsagnar höfundaréttarnefndar, sem skipuð er skv. 58. gr. höfundalaga, um umsóknir stéttarféлага um löggildingu. Stéttarfélagi höfunda, sem þegar hefur verið löggilt af menntamálaráðuneytinu, er heimilt að halda löggildingu sinni án nýrrar umsóknar.

**2. gr.**

Takist ekki samningar milli stéttarfélags og Ríkisútvarpsins um greiðslur til höfunda skv. 1. gr., geta aðilar, ef þeir eru sammála um það, lagt ágreininginn undir úrskurð 3ja manna gerðardóms, sbr. 2. mgr. 57. gr. höfundalaga, sbr. og reglur, sem ráðuneytið setur um störf dómsins.

**3. gr.**

Rétthafar ritverka og tónsmíða, sem hvorki eru meðlimir löggilts félags né hafa veitt því umboð til að gæta hagsmuna sinna, skulu njóta sama réttar og meðlimir félagsins að því er snertir fjárhæð greiðslu fyrir flutning verka þeirra.

Innheimtu og aðra hagsmunagæslu en að framan greinir annast félagið einungis samkvæmt umboði í samræmi við reglur eða samþykktir félagsins.

**4. gr.**

Stéttarfélagi höfunda, sem öðlast hefur umboð verulegs hluta íslenskra höfunda og hlotið löggildingu skv. 1. gr., skal heimilt að setja gjaldskrá um flutning verka utan Ríkisútvarpsins að því leyti sem höfundi ber þóknun fyrir flutning þeirra. Slík gjaldskrá er háð samþykki menntamálaráðuneytisins. Beiðni stéttarfélags um gjaldskrá skal lögð fyrir höfundaréttarnefnd til umsagnar. Eldri gjaldskrár, löglega settar fyrir gildistöku reglugerðar þessarar, skulu halda gildi sínu.

Gjaldskrá skv. 1. mgr. þessarar greinar skuldbindur eigi höfunda umfram það sem kveðið er á í höfundalögum til að leyfa flutning verka sinna gegn því gjaldi, sem gjaldskráin ákveður, heldur þarf til flutnings samþykki höfundar hverju sinni eða stéttarfélags hans, hafi höfundur veitt því slíkt umboð.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í höfundalögum nr. 73/1972 og kemur í stað reglugerðar nr. 19 frá 1. febrúar 1949 og breytingar á þeirri reglugerð nr. 51 frá 10. apríl 1959.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 30. desember 1974.*

**Vilhjálmur Hjálmarsson.**

*Birgir Thorlacius.*

## REGLUR

### um gerðardóm skv. 58. gr. höfundalaga nr. 73/1972.

1. gr.

Gerðardómur skipaður skv. 58. gr. höfundalaga nr. 73/1972 sker úr ágreiningi um þóknun til höfunda í þeim tilvikum, þegar lögin heimila afnot verks að því tilskildu, að höfundi sé greidd þóknun, enda séu aðilar sammála um að leggja ágreiningsefnið undir úrskurð dómsins.

Dómurinn úrskurðar einstök ágreiningsatriði milli höfunda og greiðenda, svo og kjaratriði í heildarsamningum milli stéttarfélags höfunda og greiðenda, sem ágreiningur er um, sbr. 58. gr. 1. og 3. mgr. höfundalaga. Úrskurður gerðardómsins er fullnaðarúrlausn ágreinings og bindur aðila sem samningur þeirra í milli.

2. gr.

Gerðardómur tekur deilu til meðferðar, er honum hafa borist greinargerðir aðila um ágreiningsefni.

Í greinargerðum, sem vera skulu skriflegar, skulu koma fram kröfur aðila. Þar skal koma fram, um hvað aðilar eru sammála og hver ágreiningsefni eru. Um þau skal í greinargerðunum vera ítarleg reifun atvika og rökstuðningur krafna. Gerðardómnum er heimilt að afla frekari gagna, en jafnan skal gefa aðilum kost á að tjá sig á ný um málið, áður en það er tekið til úrskurðar.

3. gr.

Þóknun til gerðardómsmanna greiðist úr ríkissjóði svo og annar kostnaður við störf dómsins skv. reikningi, sem menntamálaráðherra úrskurðar. Þegar dómurinn úrskurðar einstök ágreiningsatriði milli höfundar og greiðanda, getur hann kveðið á um málskostnað.

4. gr.

Reglur þessar eru settar, að höfðu samráði við höfundaréttarnefnd, skv. heimild í 2. mgr. 58. gr. höfundalaga nr. 73/1972 og öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 30. desember 1974.*

**Vilhjálmur Hjálmarsson.**

*Birgir Thorlacius.*